

27. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 19. september 2018 kl. 15:30 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Daniel Coaten, fulltrúi Keilis
Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður og fulltrúi Sandgerðisbæjar
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Jóna Rut Jónsdóttir, fulltrúi SSS

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Fundir og uppákomur

Forstöðumaður fór yfir komandi fundi og uppákomur, þar á meðal kynningarfund fyrir bæjarstjórn og bæjarstjóra hins nýja bæjarfélags sem haldinn verður 21. september og ársfund INTERACT samtakanna sem haldinn verður í Salekhard í Síberíu 24. – 28. september og forstöðumaður Þekkingarseturs og Náttúrustofu Suðvesturlands sækja. Þá verður ársfundur þekkingarsetra og sambærilegra stofnana haldinn í Þekkingarsetri Vestmannaeyja 4. október næstkomandi og mun forstöðumaður sækja hann. Unnið er að skipulagningu starfsgreinakynningar fyrir nemendur í 8. og 10. bekkjum grunnskólanna á Suðurnesjum en hún verður haldin miðvikudaginn 10. október í Íþróttahúsinu í Keflavík. Þar verða um 100 fjölbreyttar starfsgreinar kynntar. Þá var sagt frá fyrsta fræðsluvöldi haustsins þar sem Vilmundur Hansen sagði frá sveppum og sveppatínslu en það var haldið 13. september síðastliðinn.

2. Gestafjöldi sumarsins

Farið var yfir gestafjölda sýninga Þekkingarsetursins það sem af er ári, í samanburði við síðastliðin ár. Talsverð aukning var á fjölda skólahópa sem komu í heimsókn síðasta vor en að öðru leyti hefur aðsóknin verið svipuð.

3. Opnunartími sýninga

Forstöðumaður lagði til að sýningum yrði lokað yfir vetrartímann, nema fyrir hópa sem panta heimsóknir, í ljósi dreifingar gesta yfir árið. Sýningarnar yrðu þá opnar frá byrjun maí til ágústloka. Stjórn samþykkti breytinguna einróma.

4. Endurnýjun tækjabúnaðar – Heimskautin heilla

Frestað til næsta fundar.

5. Önnur mál

Engin önnur mál. Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 28. nóvember kl. 15:30.

Fundi var slitið kl. 17:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Björk Guðjónsdóttir - Sign

Daniel Coaten - Sign

Fríða Stefánsdóttir - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign

Jóna Rut Jónsdóttir - Sign